



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands  
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250  
Netfang: hsl@hsl.is

# STARFSLEYFI

## Hydros Ölfus ehf.

Jarðboranir

Á Hafnarsandi:

Hola 1 (VA-05) X:381213 Y:374157, Hola 2 (VA-06) X:380228 Y:374975,  
Hola 3 (VA-07) X:378341 Y:374506, Hola 4 (VA-08) X:376400 Y:373258

Í landi Hlíðarenda 3:

Hola 6 (VA-09) X:376572 Y:378174

Nafn og kt. rekstraraðila: **Hydros Ölfus ehf., kt. 4110241480**  
Heimilisfang: **Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn**

**Útgáfudagur: 31. mars 2025**

**Gildir til: 31. júlí 2025**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir Hydros Ölfus ehf. fyrir tímabundna mengandi starfsemi – jarðboranir,  
dags. 31. mars 2025**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út tímabundið til **4 mánaða** en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Selfossi, 31. mars 2025

**Sigrún Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri

2502102HS



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir tímabundna mengandi starfsemi - jarðboranir

**Hydros Ölfus ehf.**

kt. 4110241480

**Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn**

## 1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir borun 5 rannsóknar- og vöktunarhola á Hafnarsandi við Þorlákshöfn vegna vöktunar fyrirhugaðrar vatnstöku fiskeldisfyrirtækja og annarrar starfsemi á svæðinu. Verða borholurnar staðsettar skv. eftirfarandi hnitum:

Hola 1 (VA-05) X:381213 Y:374157  
Hola 2 (VA-06) X:380228 Y:374975  
Hola 3 (VA-07) X:378341 Y:374506  
Hola 4 (VA-08) X:376400 Y:373258  
Hola 6 (VA-09) X:376572 Y:378174

Vöktunarhola 6 (VA-09) verður staðsett í landi Hlíðarenda 3 (L237593) við landamörk Nessands (L171780) innan grannsvæðis vatnsverndar VG1 fyrir vatnsból VB20 á Hafnarsandi.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

Fylgi starfsleyfishafi ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. til að knýja á um úrbætur.

- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

- 1.5 Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er





meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins er varðað getur ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofta, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.6 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati embættisins, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.7 Standi borverkefni lengur yfir en upphaflega var áætlað skal sækja um endurnýjun á starfsleyfi áður en gildandi starfsleyfi rennur út. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti þegar starfsemi er hætt.
- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemi hætt.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## **2. JARÐBORUN INNAN VATNSVERNDARSVÆÐA NEYSLUVATNSBÓLA**

- 2.1 Við jarðborun innan vatnsverndarsvæða neysluvatnsbóla skal gæta sérstakrar varúðar við alla meðferð olíu og efna sem geta valdið mengun í neysluvatni.
- 2.2 Gera skal áhættumat fyrir jarðborun innan vatnsverndarsvæða og hafa viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa tiltæka á verkstað. Ísogsbúnaður og/eða ísogsefni skal vera til staðar í eða við öll tæki sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og/eða eru með vökvabúnað sem inniheldur olíur og nota við hreinsun minniháttar leka. Stærri leka, óhöpp og þegar um er að ræða hættu á bráðamengun skal tilkynna slökkviliði án tafar í gegnum neyðarsíma 112. Jafnframt skal hefja viðeigandi aðgerðir skv. viðbragðsáætlun til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum mengunarinnar og tilkynna rekstraraðila vatnsveitu, heilbrigðiseftirliti og öðrum viðbragðsaðilum, eftir því sem við á, um atvikið.
- 2.3 Allar vélar og tæki sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og/eða eru með vökvabúnaði sem inniheldur olíur skulu hafa staðist þéttleikaprófun hjá viðurkenndum skoðunaraðila áður en þau eru notuð innan brunn- og/eða grannsvæða vatnsverndar. Skoðunarvottorðið má ekki vera eldra en 12 mánaða. Jafnframt skal yfirfara og lekaskoða allar vélar og tæki með reglubundnum hætti á meðan á jarðboruninni stendur.
- 2.4 Geymsla olíu og olíuefna er óheimil innan brunn- og grannsvæðis vatnsverndar.
- 2.5 Áfylling olíu og olíuefna á vélar og tæki innan brunn- og grannsvæðis vatnsverndar er aðeins heimil fyrir tæki sem ekki geta með góðu móti farið út af svæðinu. Áfyllingar innan fjarsvæðis



vatnsverndar skulu aðeins fara fram á fyrirfram afmörkuðu svæði sem búið er viðeigandi mengunarvörnum, sbr. gr. 4.2.

- 2.6 Allar vélar og tæki skal flytja af vatnsverndarsvæðum til viðhalds og viðgerða. Aðeins allra brýnustu aðgerðir til að forða tjóni á vélum og tækjum og/eða mengun umhverfis og/eða neysluvatns mega fara fram innan skilgreindrar vatnsverndar.

### 3. UMHVERFI

- 3.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Fyrirtækið skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 3.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 3.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á framkvæmdasvæðum sé gætt fyllsta hreinlætis og að umhverfi sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan framkvæmdasvæðisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmön. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á framkvæmdasvæðinu.
- 3.4 Aðflutt efni sem starfsleyfishafi notar í vegabætur, gerð vegslóða og/eða í borteiga skal sækja í námur sem hafa gilt starfsleyfi. Við gerð eða endurbætur vegslóða skal þess gætt að þeir falli sem best að landslagi og valdi sem minnstu raski í umhverfinu.
- 3.5 Starfsleyfishafa er skylt að ganga þannig frá tímabundnum framkvæmdasvæðum að þau séu færð sem næst upprunalegu ástandi og að þau séu ekki til varanlegra lýta í umhverfinu.
- 3.6 Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

### 4. MENGUNARVARNIR

- 4.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 4.2 Starfsleyfishafi skal koma fyrir viðeigandi mengunarvarnarbúnaði vegna starfsemi á framkvæmdasvæðum, þ.m.t. búnaði til að hreinsa borsvarf, skolvatn og önnur efni sem koma upp á yfirborð við jarðborun. Eftir því sem við á skal framkvæmdasvæðið í heild eða hlutar þess lagt olíuheldum jarðvegsdúk með afrennsli tengdum við olíuskilju. Hafa skal samráð við heilbrigðiseftirlit við uppsetningu mengunarvarnarbúnaðar. Úrgangsefni úr hreinsibúnaði skal flytja til förgunar á móttökustaði með starfsleyfi fyrir móttöku á slíkum úrgangi.





- 4.3 Losun á borsvarfi, borefnum og óhreinsuðum skolvökva á yfirborð er óheimil. Ef ekki er hægt komast hjá tímabundinni losun á yfirborð, skal starfsleyfishafi sjá um að slík losun standi yfir í sem skemmstan tíma, valdi sem minnstum áhrifum á umhverfi og lífríki og myndi hvorki varanlegar tjarnir né læki á yfirborði. Starfsleyfishafi skal lagfæra þær skemmdir á gróðri og umhverfi sem verða við losunina.
- 4.4 Losun jarðhitavökva á yfirborð er óheimil. Ef ekki er hægt að bregðast við bilunum eða öðrum ófyrirsjáanlegum atvikum með öðrum hætti en tímabundinni losun jarðhitavökva á yfirborð, skal starfsleyfishafi sjá um að slík losun standi yfir í sem skemmstan tíma, valdi sem minnstum áhrifum á umhverfi og lífríki og myndi hvorki varanlegar tjarnir né læki á yfirborði. Starfsleyfishafi skal lagfæra þær skemmdir á gróðri og umhverfi sem verða við losunina.
- 4.5 Losun jarðhitavökva í viðtaka eða fráveitu án kælingar er óheimil. Heimil hámarkshækkun hitastigs í viðtaka er 2°C. Við útrásir má hvergi sjást set eða útfellingar, olía, froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir.

### Úrgangur

- 4.6 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 4.7 Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 4.8 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.
- 4.9 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 4.10 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á framkvæmdasvæði er óheimil. Allan úrgang skal flytja sem fyrst til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.



### **Meðferð efna**

- 4.11 Hættuleg efni og efnablöndur skulu meðhöndluð af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 4.12 Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 4.13 Efnavöru skal geyma á öruggum og loftræstum stað innan dyra sem er þannig frágenginn að efnavara geti ekki borist um niðurföll í fráveitu.
- 4.14 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 4.15 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfissvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.

### **Meðferð olíu og frágangur olíugeyma**

- 4.16 Um meðferð og geymslu olíu og frágang olíugeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 4.17 Olíugeymir skal vera með árekstursvörn og staðsettur á afmörkuðu, olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju. Olíugeymir skal búinn yfirfyllingarviðvörn eða yfirfyllingarvörn. Jafnframt skal hann, eftir því sem við á, útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.

### **Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir**

- 4.18 Um meðferð flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og eftirlit með búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, þ.m.t. rafknúnum rofabúnaði díselknúinna aflvéla sem inniheldur SF<sub>6</sub>, fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir m.s.br. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða í samræmi við efnalög nr. 61/2013 m.s.br.

### **Hávaði**

- 4.19 Takmarka skal hávaða frá starfsemi eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

### **Loftmengun**

- 4.20 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 3.1, og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar og/eða skaðlegar lofttegundir valdi ekki óþægindum eða hættu í nærliggjandi umhverfi.



## Fráveitur

- 4.21 Fráveita frá starfsmannaaðstöðu, sé hún til staðar, skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
- 4.22 Olíuskiljur og sandskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 4.23 Seyru skal tæma reglulega úr rotþróum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

## 5. EIGIÐ EFTIRLIT OG SKRÁNINGAR

- 5.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:
- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnaránaðar,
  - óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
  - tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
  - skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

## 6. TILKYNNINGASKYLDA

- 6.1 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaheill, sbr. gr. 2.2.

## 7. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA

- 7.1 Starfsleyfi þetta er veitt tímabundið til 31. júlí 2025, í samræmi við 6. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 7.2 Starfsleyfishafi greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 31. mars 2025

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi





## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

**Hydros Ölfus ehf.**

kt. 4110241480

**Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn**

**vegna jarðborunnar rannsóknar- og vöktunarhola á Hafnarsandi og í landi Hlíðarenda 3 í Sveitarfélaginu Ölfusi.**

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 20. febrúar sl. umsókn Páls Marvins Jónssonar, kt. 1110664429, f.h. Hydros Ölfus ehf., kt. 4110241480, um starfsleyfi fyrir borun 5 rannsóknar- og vöktunarhola á Hafnarsandi og í landi Hlíðarenda 3 í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Um er að ræða nýtt tímabundið starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst samdægurs á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is).

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit þar sem fram koma, eftir því sem við á hverju sinni, ákvæði um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir svo og rekstur og viðhald mengunarvarnarbúnaðar.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 26. febrúar sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus. Þann 27. febrúar sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.

### 3. Málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Jarðborun vegna ofangreindra rannsóknar- og vöktunarhola er ekki háð málsmeðferð skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þar sem ekki er um að ræða borun eftir vatni til nýtingar.





#### **4. Niðurstaða mats á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot**

Um er að ræða borun 5 rannsóknar- og vöktunarhola á Hafnarsandi og í landi Hlíðarenda 3 í Ölfusi. Mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot fylgdi ekki með umsókn um starfsleyfi. Markmið með borun rannsóknar- og vöktunarholanna er að fylgjast með áhrifum aukinnar vatnsvinnslu fiskeldisfyrirtækja og annarra hagaðila við Þorlákshöfn á grunnvatnshlotið Selvogsstraumur 3, 104-290-G. Ekki verður um neina vatnsvinnslu að ræða, heldur greiningu á jarðlögum og símælingar á vatnsborði, hita, seltu og rafleiðni grunnvatns á svæðinu. HSL getur ekki tekið afstöðu til mats á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot þar sem slíkt liggur ekki fyrir, en vegna eðlis og tilgangs framkvæmdarinnar telur embættið að hún komi ekki til með að hafa áhrif á hvorki magnstöðu né efnafræðilegt ástand ofangreinds grunnvatnshlots.

#### **5. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu**

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðisnefnd Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir jarðborun 5 rannsóknar- og vöktunarhola á vegum Hydros Ölfus ehf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 26. febrúar sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 26. mars sl.

#### **6. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **7. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **8. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Á 243. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 18. mars sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Hydros Ölfus ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út tímabundið til 31. júlí 2025 að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

#### **9. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til



úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 31. mars 2025.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi